

1992 nr. 37 27. maí**Lög um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla**

Tóku gildi 1. september 1992. *Breytt með* l. 26/1993 (tóku gildi 7. apríl 1993), l. 146/2003 (tóku gildi 30. des. 2003), l. 163/2006 (tóku gildi 30. des. 2006), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 82/2013 (tóku gildi 4. júlí 2013), l. 19/2016 (tóku gildi 5. apríl 2016) og l. 47/2018 (tóku gildi 26. maí 2018).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

*Um gjaldtöku.***■ 1. gr.**

□ [Ólögmeatur er sá sjávarafli:

a. sem er umfram það aflamark eða krókaafllamark sem veiðiskip hefur eða umfram hámarksafla sem veiðiskipi er settur með öðrum hætti,

b. sem fenginn er án þess að tilskilin veiðileyfi hafi verið fyrir hendi,

c. sem fenginn er utan leyfilegra veiðidaga, nema um eðlilegan meðafla sé að ræða,

d. sem fenginn er með óleyfilegum veiðarfærum,

e. sem fenginn er á svæði þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar,

f. sem 2. mgr. 7. gr. tekur til.]¹⁾

□ Greiða skal sérstakt gjald samkvæmt fyrirmælum laga þessara fyrir veiðar, verkun, vinnslu eða viðskipti með ólögmeatan sjávaraflla.

□ [Gjald skv. 2. mgr. skal renna í ríkissjóð. Ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til sjóðs í vörslu ráðuneytisins, sem nefnist Verkefnasjóður sjávarútvegsins, og skal verja fé úr honum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum.]²⁾ Ráðherra skal skipa stjórn Verkefnasjóðsins sem skilar tillögum til ráðherra um ráðstöfun fjárisins. Ráðherra setur reglur³⁾ um stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum.]⁴⁾

□ Nú hefur verið lagt hald á afla og hann gerður upptækur eftir ákvæðum annarra laga og kemur þá ekki til greiðslu gjalds skv. 2. mgr.

¹⁾ L. 19/2016, 1. gr. ²⁾ L. 47/2018, 27. gr. ³⁾ Rgl. 809/2006. ⁴⁾ L. 146/2003, 1. gr.

*Um greiðsluskyldu.***■ 2. gr.**

□ Gjald skv. 1. gr. skal að jafnaði lagt á þann sem hefur gert út skip eða bát sem veitt hefur gjaldskyldan afla. Ef uppvíst verður um gjaldskyldan afla án þess að unnt reynt sé að ákvarða hver hafi veitt hann má þó leggja gjaldið á þann sem hefur tekið við aflanum til verkunar eða vinnslu eða hefur haft milligöngu um sölu hans eða afurða úr honum hvort sem er hér á landi eða erlendis, enda hafi þeir vitað eða mátt vita að um ólögmeatan sjávaraflla var að ræða.

□ Gjald skv. 1. gr. verður aðeins lagt á einn þeirra sem taldir eru upp í 1. mgr. Aðrir þeir, sem þar eru taldir og sem uppvíst er að hafi átt þátt í veiðum, verkun, vinnslu eða viðskiptum með gjaldskyldan afla, ábyrgjast þó greiðslu gjaldsins sem eigin skuld með þeim sem gjald er lagt á ef áætla má að þeir hafi vitað eða mátt vita að um ólögmeatan sjávaraflla var að ræða.

■ 3. gr.

□ Gjald skv. 1. gr. skal nema andvirði gjaldskylds afla.

□ Ef ekki verður staðreynt hver sú fjárhæð hefur verið skal gjaldið nema því verði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á þeim stað og því tímabili sem hann barst að landi. Verði

gjaldskyldur afli ekki heimfærður til ákveðins tímabils skal verðleggja hann á grundvelli meðalverðs fyrir samsvarandi afla á viðkomandi fiskveiðiári.

□ Ef ekki verður staðreynt af fyrirliggjandi gögnum hvert hafi verið magn eða andvirði gjaldskylds afla skal það áætlað eftir því sem segir í 5. gr.

*Um eftirlit.***■ 4. gr.**

□ Að því leyti sem fyrirmæli laga fela það ekki öðrum stjórnvöldum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu með höndum eftirlit með því hvort sjávarafli er gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum. Er [ráðherra]¹⁾ heimilt að kveða nánar á um eftirlit þetta í reglugerð.

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að kveða á í reglugerð um skyldu útgerðarmanna, fiskverkenda og fiskseljenda til að láta af hendi sérstakar skilagreinar um þann sjávaraflla sem þeir hafa til umræða hverju sinni.

¹⁾ L. 126/2011, 166. gr.

■ 5. gr.

□ Fiskistofu er heimilt að krefja útgerðarmenn, skipstjórnarmenn, fiskverkendur, fiskseljendur og þá sem hafa haft milligöngu um viðskipti með sjávaraflla eða afurðir um öll nauðsynleg gögn og upplýsingar sem þeir geta látið í té og varða, að mati Fiskistofu, ákvörðun um hvort sjávarafli kunni að vera gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum. Er þeim sem krafðir eru upplýsinga skylt að láta þær af hendi endurgjalds-laust og í því formi sem Fiskistofa mælist til. Fiskistofu er enn fremur heimilt í sama skyni að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum þeirra, sem áður er getið, samningum þeirra, verslunarbréfum og öðrum slíkum gögnum, svo og að skrifstofum þeirra, vinnustöðvum, vinnsluhúsum, vörugymsluhúsum og öðrum slíkum stöðum til birgðakönnunar og annars eftirlits.

□ Í sama tilgangi er Fiskistofu heimilt að krefjast upplýsinga af félögum og félagasamtökum útgerðarmanna, fiskverkenda, fiskseljenda og af félögum annarra sem hlut geta átt að máli, um viðskipti félagsmanna þeirra og aðra starfsemi sem þau hafa gögn eða upplýsingar um.

□ Ef Fiskistofa telur fram komin gögn eða upplýsingar ófullnægjandi, óglögg, tortryggileg eða ekki lätin í té í umbeðnu formi eða hún telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hún skora skriflega á þann sem kann að verða krafinn um gjald skv. 1. gr. að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýrslur og þau gögn sem þeir telja þörf á. Ef ekki er bætt úr annmörkum, svar berst ekki innan tiltekinn tíma, þau gögn eru ekki send sem óskað er eftir eða fram komin gögn eða upplýsingar eru ófullnægjandi eða tortryggileg að mati Fiskistofu skal hún áætla magn og andvirði sjávaraflla eftir þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja.

*Um úrskurðaraðila.***■ 6. gr.**

□ [Ráðherra]¹⁾ skipar þriggja manna nefnd til að úrskurða álagningu gjalds skv. 1. gr. og jafnmarga menn til vara. Aðalmenn og varamenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn og skal einn nefndarmanna skipaður formaður hennar.

□ Þeir menn, sem eru skipaðir í nefnd skv. 1. mgr., skulu fullnægja almennum skilyrðum laga til að fá skipun í stöðu í þjónustu ríkisins. Formaður nefndarinnar og varamaður hans, sem tekur sæti formanns í forföllum hans, skulu að auki fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

□ Um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála skal farið eftir því sem við á eftir þeim lagareglum sem gilda

um hæfi héraðsdómara. Ef nefndarmaður er vanhæfur kveður formaður nefndarinnar til varamann í hans stað.

- Afl atkvæða ræður niðurstöðum nefndar skv. 1. mgr.
- Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

¹⁾ L. 126/2011, 166. gr.

■ 7. gr.

Ef rökstudd ástæða kemur fram við framkvæmd eftirlits til að ætla að einhver sá, sem fyrimæli 2. gr. taka til, hafi haft gjaldskyldan sjávarafila til umráða skal Fiskistofa leggja gjald á hlutaðeigandi aðila skv. 1. gr.

Nú sýna starfsmenn Fiskistofu fram á að verkun, vinnsla eða sala tiltekins aðila á sjávarafila eða afurða úr honum sé umfram uppgefin kaup hans eða aðföng og er þá heimilt að leggja á viðkomandi aðila gjald skv. 1. gr. um mismuninn enda þótt sjávarafillinn verði ekki rakinn til ákveðins veiðiskips eða tímabils.

Vilji aðili eigi una ákvörðun Fiskistofu getur hann, innan tveggja vikna frá því að hann fékk vitneskju um álagninguna, kært hana til Fiskistofu sem þá skal, innan tveggja vikna frá lokum gagnaöflunar, leggja rökstuddan skriflegan úrskurð á málið. Nú vill kærandi eigi setta sig við úrskurð Fiskistofu og getur hann þá skotið honum til nefndar skv. 6. gr., enda geri hann það innan tveggja vikna frá því að hann fékk vitneskju um úrskurðinn.

Er formanni nefndarinnar hefur borist kæra skv. [3. mgr.]¹⁾ skal hann þegar tilkynna það Fiskistofu með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt. Tilkynningunni skulu fylgja samrit af kæru, greinargerð kæranda og önnur gögn er kunna að hafa fylgt kærinni. Skal Fiskistofu gefinn kostur á að koma kröfum sínum, athugasemdum og öðrum gögnum á framfæri við nefndina innan tiltekins frests. Fiskistofu er jafnframt rétt að krefjast þess að kveðið verði á um ábyrgð annarra á greiðslu gjaldsins skv. 2. mgr. 2. gr.

¹⁾ L. 146/2003, 2. gr.

■ 8. gr.

Þegar frestur skv. [3. mgr.]¹⁾ 7. gr. er á enda eða fram eru komnar athugasemdir eða gögn málsaðila skal formaður nefndar skv. 1. mgr. 6. gr. kalla hana saman til fundar til að fjalla um kröfuna. Að jafnaði skal reynt að ráða málefniinu þegar til lykta á þeim fundi, en telji nefndin þörf frekari upplýsinga eða gagna getur hún gefið málsaðilum kost á öflun þeirra innan tiltekins frests. Heimilt er nefndinni að boða málsaðila eða talsmenn þeirra á sinn fund til að tjá sig nánar um málefnið ef hún telur ástæðu til áður en úrskurður gengur.

¹⁾ L. 146/2003, 3. gr.

■ 9. gr.

Úrskurðir nefndar skv. 1. mgr. 6. gr. um álagningu gjalds skv. 1. gr. skulu vera rökstuddir og færðir í sérstaka gerðabók. Í þeim skal tekin afstaða til þess hvort afli sé gjaldskyldur, hver fjárhæð gjaldsins skuli vera og hverjum beri að greiða það. Hafi þess verið krafist skal jafnframt kveðið á um hvort aðrir ábyrgist greiðslu gjaldsins skv. 2. mgr. 2. gr. Heimild til álagningar gjalds nær til gjalds vegna afila síðustu fjögurra fiskveiðirára sem næst eru á undan því fiskveiðirári sem álagning Fiskistofu fer fram á.

Þegar úrskurður hefur gengið skal formaður án tafar senda [ráðherra],¹⁾ Fiskistofu og þeim sem krafa hefur beinst að eintak úrskurðarins í ábyrgðarpósti eða á annan sannanlegan hátt.

¹⁾ L. 126/2011, 166. gr.

Um innheimtu.

■ 10. gr.

Fiskistofa fer með innheimtu gjalds skv. 1. gr. [Ráð-

herra]¹⁾ er þó heimilt að fela innheimtumönnum ríkissjóðs eða öðrum aðilum innheimtu þess.

Gjald skv. 1. gr. fellur í gjalddaga við álagningu. Ber það dráttarvexti samkvæmt ákvæðum vaxtalaga frá því 30 dagar eru liðnir frá gjalddaga þess.

Álagning gjalds eða úrskurður um gjalddaga skv. 1. gr. eru aðfararhæfar ákvarðanir, bæði gagnvart þeim sem gjald hefur verið lagt á og þeim sem bera ábyrgð á greiðslu þess samkvæmt úrskurði. Má Fiskistofa krefjast fullnustu með fjárnámi þegar liðnir eru 30 dagar frá dagsetningu álagningar eða uppkvaðningu úrskurðar. [Ef gjald, sem lagt hefur verið á útgerð skips sem veitt hefur hinn gjaldskylda afila, hefur ekki verið greitt þegar sá tími er kominn að krefjast má fullnustu þess með fjárnámi skal Fiskistofa svipta hlutaðeigandi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni þar til skuldin greiðist eða samið hefur verið um greiðslu hennar. Gildir þetta einnig þótt eigendaskipti hafi orðið á skipi, enda hafi eigendaskiptin ekki orðið við nauðungaruppboð eða gjaldþrotaskipti. Standi útgerð ekki við samning um greiðslu skuldar er Fiskistofu heimilt að svipta skip fyrirvaralaust leyfi til veiða í atvinnuskyni.]²⁾

Ágreining um skyldu til greiðslu gjalds skv. 1. gr. eða um ábyrgð á greiðslu þess má bera undir dómstóla sé það gert innan 30 daga frá uppkvaðningu úrskurðar skv. 6. gr. Slíkt málskot frestar ekki fullnustu úrskurðar.

¹⁾ L. 126/2011, 166. gr. ²⁾ L. 146/2003, 4. gr.

■ 11. gr.

Ef [ráðherra]¹⁾ telur veiðar á gjaldskyldum afila samkvæmt lögum þessum brjóta gegn refsíákvæðum annarra laga er honum rétt að tilkynna það ríkissaksóknara. Slík tilkynning eða ...²⁾ rannsókn eða höfðun [sakamáls]²⁾ í tilefni hennar raskar því ekki að gjald verði lagt á eftir fyrimælum þessara laga.

¹⁾ L. 126/2011, 166. gr. ²⁾ L. 88/2008, 234. gr.

Um dagsektir.

■ 12. gr.

Hver sá, sem tregðast við að láta Fiskistofu í té upplýsingar er varða gjaldskyldu annarra eða tregðast við að veita aðgang að aðstöðu eða gögnum, sbr. 5. gr., skal sæta dagsektum. [Ráðherra]¹⁾ kveður á um skyldu til greiðslu dagsekta og mega þær nema allt að 10.000 kr. á dag. Dagsektir má innheimta með fjárnámi.

¹⁾ L. 126/2011, 166. gr.

Um gildistöku o.fl.

■ 13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1992.

... [Úrskurðir kveðnir upp á grundvelli laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafila, með áorðnum breytingum, skulu vera aðfararhæfir skv. 3. mgr. 10. gr. laga þessara.]¹⁾

¹⁾ L. 26/1993, 1. gr.

■ 14. gr.

Heimilt er að leggja á gjald samkvæmt fyrimælum laga þessara þótt sú háttsemi, sem leiðir til álagningar þess, kunni að hafa átt sér stað fyrir gildistöku þeirra ef heimilt hefði verið að gera viðkomandi afila upptækan samkvæmt fyrimælum laga nr. 32/1976 og upptaka aflans eða andvirðis hans hefur ekki þegar farið fram.

[Ráðherra]¹⁾ setur reglugerð²⁾ um nánari framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 126/2011, 166. gr. ²⁾ Rg. 470/2012. Rg. 456/2017.